

Mallah gegn Frakklandi

Dómur frá 10. nóvember 2011

Mál nr. 29681/08

8 gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Útlendingar. Fjölskyldulíf. Aðstoð við ólöglegan innflytjanda.

1. Málsatvik

Kærandi, El Houssine Mallah, er marokkóskur ríkisborgari. Hann fæddist árið 1957 og býr í Ajaccio í Frakklandi. Hann hefur búið löglega í Frakklandi í rúmlega 30 ár með konu sinni og fimm börnum þeirra.

Í ágúst 2003 giftist dóttir kæranda B.A., marokkóskum ríkisborgara, sem bjó Marokkó. Þau sóttu um að B.A. fengi heimild til að flytja til Frakklands á grundvelli reglna um sameiningu fjölskyldna. Í desember 2005 kom B.A. til Frakklands með vegabréfsáritun sem gildi í þrjá mánuði. Hann bjó þar ásamt kæranda. Eftir að vegabréfsáritunin rann út hélt B.A. áfram að búa í Frakklandi. Dóttir kæranda var þá þunguð. Eftir að yfirvöld fengu nafnlausu ábendingu um að ólöglegur innflytjandi byggji hjá kæranda voru kærandi og B.A. handteknir og húsleit gerð á heimilinu.

Ákæra var gefin út á hendur kæranda fyrir brot á útlendingalögum vegna aðstoðar sem hann hefði veitt til að stuðla að ólöglegri dvöl B.A. í landinu. Ákærvaldið tilkynnti kæranda að málið gegn honum hefði verið fellt niður, enda hafði B.A. þá sótt um að fá að búa í landinu á grundvelli reglna um að fjölskyldumeðlimir skyldu fá að búa á sama stað. Í september 2006 var kærandi sakfelldur af dómstól fyrir brot á útlendingalögum fyrir að aðstoða ólöglegan innflytjanda en var aftur á móti ekki gerð refsing. Umsókn B.A. um dvalarleyfi var síðar samþykkt.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans þar sem dómurinn yfir honum hefði falið í sér brot á friðhelgi fjölskyldulífs hans. Samkvæmt frönskum lögum mátti ekki ákæra nána ættingja ólöglegra innflytjenda fyrir það brot sem kærandi var dæmdur fyrir. Samkvæmt lögnum taldist kærandi aftur á móti ekki vera náinn ættingi tengdasonar síns.

Niðurstaða

Ekki var um það deilt að réttur kæranda til fjölskyldulífs hafði verið takmarkaður með refsidóminum yfir honum. Dómurinn átti sér stoð í lögum sem höfðu það að markmiði að koma í veg fyrir að innflytjendur fengju stuðning við það að búa ólöglega í landinu. Dómstóllinn taldi að samband kæranda við tengdason sinn væri hluti af fjölskyldulífi sem nyti verndar samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Hafði dómstóllinn hliðsjón af því að B.A. bjó á heimili kæranda, hafði verið giftur dóttur hans í tvö ár, hafði sótt um að fá að búa í sama landi og fjölskyldan og B.A. og dóttir kæranda áttu von á barni saman.

Refsiákvæðið sem kærandi var dæmdur fyrir var skýrt og þær reglur sem giltu um þá einstaklinga sem voru undanskildir ákvæðinu. Af þessum sökum gátu þeir dómstólar sem fjölluðu um mál kæranda ekki komist að annarri niðurstöðu en varð ofan á í máli kæranda. Engu að síður hefði kærandi ekki verið gerð refsing með hliðsjón af atvikum málsins. Í ljósi þessa taldi dómstóllinn að nægilegt tillit hefði verið tekið til réttinda kæranda gagnvart þeim almenningshagsmunum sem bjuggu að baki refsíákvæðinu sem kærandi hafði brotið. Í ljósi þessa hefði ekki verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans.